# REGLUGERÐ

## um (12.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Eftirfarandi bætist við 16. gr. reglugerðarinnar:

| Efni | Hámarksmagn sem ávísa má með lyfseðli. | Dæmi og undantekningar (merktar *) |
|---|---|---|
| Zolpidemum INN | 400 mg | Stilnoct, töflur 10 mg: 40 stk. |

2. gr.

Í viðauka 4 við reglugerðina skal tekið fram eftirfarandi undir kaflanum „Hámarksmagn og/eða takmarkanir" fyrir efnin Diphenhydraminum og Melcozini chloridum:

Óheimilt er að afgreiða lyfið í afmældum skömmtum án lyfseðils til barna yngri en 18 ára.

3. gr.

Eftirfarandi skal bætt við viðauka 4 við reglugerðina:

| Efni | Hámarksmagn og/eða takmarkanir | Dæmi um lyf og lyfjaform er selja má án lyfseðils | Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu. |
|---|---|---|---|
| Terfenadinum | Lyf í afmældum skömmtum. Mest 20 stk. handa einstaklingi, ef einstakur skammtur er 60 mg. | TELDANEX töflur 60 mg | Gegn ofnæmi.<br>Skammtar: Fullorðnir og börn eldri en 12 ára: Ein tafla kvölds og morguns eða tvær töflur að morgni. Börn 6-12 ára: Hálf tafla kvölds og morguns. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 6 ára.<br>Varúð: Barnshafandi konum og konum með barn á brjósti er einungis ráðlagt að nota lyfið í samráði við lækni. Varasamt getur verið að nota þetta lyf samtímis sýklalyfinu erýtrómýcíni og sveppalyfinu ketókónazóli (til inntöku). Þeir, sem eru með alvarlegan hjartasjúkdóm, sérstaklega þeir, sem hafa fengið hjartsláttartruflun, eiga ekki að nota þetta lyf. |
| Terfenadinum | Mest 10 stk. handa einstaklingi, ef einstakur skammtur er 120 mg. | TELDANEX töflur 120 mg | Gegn ofnæmi.<br>Skammtar: Fullorðnir og börn eldri en 12 ára: Ein tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára.<br>Varúð: Barnshafandi konum og konum með barn á brjósti er einungis ráðlagt að nota lyfið í samráði við lækni. Varasamt getur verið að nota þetta lyf samtímis sýklalyfinu erýtrómýcíni og sveppalyfinu ketókónazóli (til inntöku). Þeir, sem eru með alvarlegan hjartasjúkdóm, sérstaklega þeir, sem hafa fengið hjartsláttartruflun, eiga ekki að nota þetta lyf. |

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. febrúar 1993.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Einar Magnússon.*

Nr. 62 1. febrúar 1993

# AUGLÝSING

**um breyting á gjaldskrá fyrir þjónustu á vegum Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands nr. 25/1992.**

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Fyrir hverja rafhlöðuúthlutun (3 rafhlöður) greiða elli- og örorkulífeyrisþegar kr. 125. Aðrir greiða að fullu nema börn og unglingar, sem eru undanþegin gjaldi sbr. 1. gr.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með stoð í 6. gr. laga nr. 35/1980 um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. febrúar 1993.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Páll Sigurðsson.*

Nr. 63 2. febrúar 1993

# REGLUR

**um greiðslu almannatrygginga fyrir tannlækningar elli- og örorkulífeyrisþega.**

1. gr.

Sjúkratryggingar almannatrygginga skulu greiða sem hér segir fyrir tannlækningar elli- og örorkulífeyrisþega sem ekki dveljast á stofnunum:

1. 75% af kostnaði þeirra, sem njóta fullrar tekjutryggingar almannatrygginga.
2. 50% af kostnaði þeirra, sem njóta skertrar tekjutryggingar almannatrygginga.

2. gr.

Sjúkratryggingar almannatrygginga skulu greiða sem hér segir fyrir tannlækningar elli- og örorkulífeyrisþega sem eru langsjúkir og dveljast á sjúkrastofnunum eða í þjónustuhúsnæði aldraðra:

1. Að fullu kostnað þeirra sem njóta skertra eða óskertra vasapeninga skv. 20. eða 51. gr. laga um almannatryggingar.